

Tillaga

Viðtakandi: Bæjarráð

Efni: Tillaga um lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga

Dags: 3. mars 2025

Málsnúmer: 202501539/2.25

Sendandi: Pétur Jens Lockton, sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Tillaga:

Lagt er til að bæjarráð samþykki eftirfarandi:

Bæjarráð Mosfellsbæjar samþykkir að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga. Um er að ræða langtímalán kr. 850.000.000, með lokagjalddaga þann 20. febrúar 2039, í samræmi við skilmála sem liggja fyrir á fundinum í lánsamningi nr. 2503_09.

Bæjarráð Mosfellsbæjar samþykkir að til tryggingar láninu (höfuðstól, uppgreiðslugjaldi auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar), standi tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjur og framlög til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.


Er lánið tekið til að endurfjármagna afborganir á eldri lánum sveitarfélagsins hjá Lánasjóðnum sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Regínu Ásvaldsdóttur, bærstjóra Mosfellsbæjar, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Mosfellsbæjar að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

Greinargerð:

Í sjóðstreymisyfirliti fjárhagsáætlunar Mosfellsbæjar fyrir árið 2025 er gert ráð fyrir að Eignasjóður taki langtímalán að fjárhæð 3.400 m.kr. sem er ætlað að fjármagna framkvæmdir ársins og endurfjármagna afborganir eldri lána. Lánasjóður sveitarfélaga ohf. hefur veitt Mosfellsbæ vilyrði fyrir lánum til að mæta lánsfjárpörf ársins.

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. býður bænum nú 850 m.kr. verðtryggt langtímalán með jöfnum afborgunum til 14 ára, með lokagjalddaga 20. október 2039. Um er að ræða langtímalán með 4,10% föstum vöxtum sem er í samræmi við vaxtakjör í síðasta útboð sjóðsins.



Í samræmi við lántökuáætlun ársins er lagt til að Mosfellsbær taki 850 m.kr. langtímalán hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. í samræmi við meðfylgjandi lánessamning.

*Virðingarfyllt,
Pétur Jens Lockton*

Fylgiskjal:

1. Lánessamningur nr. 2503_09.